

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur þriðjudaginn 5. júlí 2022

Mál nr. E-5909/2021:

A

(*Tinna Björk Gunnarsdóttir lögmaður*)

gegn

Vátryggingafélagi Íslands hf.

(*Ólafur Lúther Einarsson lögmaður*)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 8. júní sl., er höfðað 10. desember 2021 af A, [...], á hendur Vátryggingafélagi Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess aðallega að stefnda verði gert að greiða henni 11.611.009 krónur með 4,5% ársvöxtum frá 15. maí 2017 til 5. júní 2020 en með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 3.813.389 krónum sem stefndi greiddi henni 22. janúar 2021. Til vara krefst stefnandi þess að stefnda verði gert að greiða henni 9.303.394 krónur með 4,5% ársvöxtum frá 15. maí 2017 til 5. júní 2020 en með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 3.813.389 krónum sem stefndi greiddi henni 22. janúar 2021. Stefnandi krefst þess í báðum tilvikum að stefnda verði gert að greiða henni málskostnað, auk virðisaukaskatts, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda. Stefnandi gerir jafnframt kröfu um málskostnað úr hendi stefnanda að mati dómsins.

I

Helstu málsatvik

Stefnandi lenti í umferðarslysi [...] 2017 sem ökumaður bifreiðarinnar [...] er hún ók norður Reykjavíkurveg. Bifreið stefnanda var tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda. Atvik voru nánar þau að bifreiðin fyrir framan hana stansaði til að hleypa gangandi vegfaranda yfir götuna. Stefnandi sá ekki að bifreiðin hafði stöðvast og ók aftan á hana. Hún var flutt með sjúkrabifreið á slysadeild. Stefnandi lenti í öðru umferðarslysi sumarið 2018.

Aðilar öfluðu sameiginlegs mats á afleiðingum slyssins samkvæmt skaðabótalögum nr. 50/1993. Matsgerð B bæklunarskurðlæknis og C lögmanns lá fyrir 24. apríl 2020. Niðurstaða þeirra var sú að varanlegur miski stefnanda vegna slyssins væri 12 stig og varanleg örorka væri 10%. Heilsufar taldist stöðugt frá 15. maí 2017. Ekki var talið að um tímabil óvinnufærni væri að ræða og þá var tímabil þjáninga metið

einn mánuður án rúmlegru. Fyrir liggur að stefnandi var á árinu 2015 metin til fullrar örorku hjá Tryggingastofnun [...]. Gildistími núgildandi mats er til 30. september 2022.

Með bréfi 5. maí 2020 krafðist stefnandi bóta úr hendi stefnda og var krafan byggð á niðurstöðum framangreindrar matsgerðar. Vísaði stefnandi til þess að við útreikning bóta væri rétt að byggja á 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 þar sem aðstæður hennar hefðu verið óvenjulegar á viðmiðunarárum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993. Vísað var til þess að stefnandi hefði verið atvinnulaus hluta ársins 2013 og farið á örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins árið 2014. Við útreikning á bótum fyrir varanlega örorku tók stefnandi mið af meðaltekjum félagsmanna í stéttarfélagi lögfræðinga samkvæmt kjarakönnun BHM fyrir árið 2013 þar sem hún hefði lokið laganámi árið 2010 og starfað sem lögfræðingur frá þeim tíma og fram til ársins 2014.

Stefndi féllst ekki á sjónarmið stefnanda um árslaunaviðmið og greiddi stefnanda bætur 19. janúar 2021 á grundvelli viðmiðs 3. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993. Stefnandi samþykkti uppgjórið með fyrirvara um árslaunaviðmið við útreikning á bótum vegna varanlegrar örorku.

II

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að meta skuli árslau hennar sérstaklega í samræmi við 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993. Stefnandi telur skilyrði ákvæðisins um óvenjulegar aðstæður og að annar mælikvarði sé réttari á framtíðartekjur hennar en lágmarksviðmið 3. mgr. ákvæðisins vera uppfyllt í máli hennar eins og skýra beri ákvæðið að virtum lögskýringargögnum. Ekki sé ætlast til að orðin „óvenjulegar aðstæður“ í ákvæðinu séu túlkuð þröngt. Ákvæðið hafi verið rýmkað með breytingalögum nr. 37/1999 þannig að mati yrði beitt í þeim tilvikum þegar viðmiðun við síðustu þrjú tekjuár fyrir slys þyki af einhverjum ástæðum ekki réttmæt. Það eigi við í hennar tilviki.

Stefnandi hafi lokið MA-prófi í lögfræði [...] árið 2010. Stefnandi hafi áður lokið þverfaglegu BA-námi í mannréttindum [...] á árunum 2006 til 2007. Eftir útskrift á árinu 2010 hafi hún hafið störf sem lögfræðingur [...] og starfað þar í tímabundinni stöðu fram á árið 2011. Hún hafi starfað sem lögfræðingur [...] á árunum 2011 til 2012 en fengið svo aðra tímabundna stöðu [...] á árunum 2012 til 2013. Stefnandi hafi hafið störf sem lögfræðingur [...] á árinu 2013 og starfað þar fram á árið 2014.

[...]. Stefnandi byggir á því að aðstæður hennar hafi verið óvenjulegar, í skilningi 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993, síðustu þrjú árin fyrir slysið [...] en telur að leggja eigi til grundvallar að þær hefðu verið tímabundnar, hefði slysið ekki komið til. Þau tekjuár sem miða ætti útreikning á bótum við fyrir varanlega örorku, samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laganna, gefi engan veginn raunhæfa mynd af tekjuöflunarhæfni hennar á slysdegi, þar sem hún hafi verið tímabundið af vinnumarkaði [...].

Stefnandi hafi undanfarin ár lagt sig fram við að komast aftur út á vinnumarkað [...]. Hún hafi t.d. sótt nám [...] á árunum 2016–2017 og lokið diplómaprófi í því fagi í júní 2017. Þá hafi stefnandi réttindi sem [...] og hafi sinnt slíkri kennslu [...]. Stefnandi telji því ljóst að ekki sé hægt að leggja til grundvallar að hún hafi ekki haft starfsgetu á slysdagi.

Stefnandi byggir enn fremur á því að það sé í andstöðu við þann tilgang laga nr. 50/1993 að stuðla að því að tjónþoli fái fullar bætur vegna tjóns síns ef farið yrði eftir 1. mgr. 7., sbr. 3. mgr., í máli hennar en ekki 2. mgr. Markmið skaðabótalaga sé að áætla á sem nákvæmastan hátt framtíðartjón tjónþola vegna afleiðinga líkamstjóns.

Stefnandi byggir að auki á því að hægt sé að jafna stöðu hennar þrjú ár fyrir slysið við stöðu atvinnulausra þar sem hún hafi verið tímabundið af vinnumarkaði [...] þegar slysið hafi átti sér stað. Telur stefnandi að horfa beri til þess sjónarmiðs sem fram komi í frumvarpi til skaðabótalaga hvað varðar þennan hóp að ætíð skuli lagt til grundvallar að tjónþoli hefði síðar fengið vinnu. Þetta leiði til þess að ákveða skuli bætur til hennar eftir mati, en ekki eftir 1. mgr. 7. gr. eða lágmarkslaunaviðmiði 3. mgr. sama ákvæðis, og líta til venjulegra árslauna í starfsgrein tjónþola fyrir tjónið.

Verði ekki fallist á framangreind sjónarmið telur stefnandi að beita verði þeim viðmiðum sem fram komi í greinargerðinni um önnur tilvik og meta líkurnar á því hvort hún hefði fengið vinnu ef hún hefði ekki slasast. Stefnandi telur allar líkur á að svo hefði verið. Hún hafi verið búin að [...] endurmennta sig og stefnt út á vinnumarkað að nýju. [...] hefði slysið ekki komið til hefðu allar líkur verið á því að hún hefði komist aftur til starfa. Í því sambandi bendir hún einnig á að gildandi örorkumat hennar hjá Tryggingastofnun ríkisins frá 2017 gildi aðeins til 30. september 2022.

Stefnandi byggir einnig á því að niðurstöður fyrirbyggjandi matsgerðar styðji kröfugerð hennar. Þar komi fram að matsmenn telji ekki unnt að líta svo á að hún hafi verið varanlega slegin af vinnumarkaði fyrir slysið þrátt fyrir örorkumat hennar hjá Tryggingastofnun ríkisins. Við það mat hafi matsmenn fyrst og fremst horft til þess að mat stofnunarinnar sé ekki varanlegt. Þeir hafi einnig horft til þess að full örorka hjá Tryggingastofnun útiloki ekki að viðkomandi geti verið í vinnu að einhverju leyti. [...]. Stefnandi taki undir þennan rökstuðning og bendir jafnframt á að stefndi hafi gert upp bætur til hennar í samræmi við niðurstöðu matsgerðarinnar um 10% varanlega örorku, þótt ekki hafi verið fallist á það tekjuviðmið sem hún lagði til. Stefnandi telur samkvæmt þessu að leggja verði til grundvallar að hún hefði komist út á vinnumarkað aftur, hefði slysið ekki komið til.

Í tengslum við framangreint bendir stefnandi á að örorka hjá Tryggingastofnun sé metin samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar. Við mat á örorku samkvæmt lögunum sé eingöngu tekið mið af læknisfræðilegum forsendum en ekki tekjum eða félagslegum aðstæðum. Þá geri almannatryggingalögin beinlínis ráð

fyrir því að öryrkjar, jafnvel þeir sem séu metnir með fulla 75% örorku, geti haft atvinnutekjur. Jafnvel þótt hún hafi verið metin tímabundið með örorku hjá Tryggingastofnun fyrir slysið þá hafi það alls ekki þá þýðingu að hún hafi enga starfsgetu haft fyrir slysið. Þá útiloki það ekki rétt hennar til bóta fyrir varanlega fjárhagslega örorku og/eða að þær bætur taki mið af launatekjum.

Með hliðsjón af öllu framangreindu telur stefnandi að aðstæður hennar hafi verið óvenjulegar þremur árum fyrir slysið vegna tímabundinna veikinda.

Varðandi síðara skilyrði 2. mgr. 7. gr. um að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur bendir stefnandi á að hún hafi lokið MA-gráðu í lögfræði árið 2010 og nýtt þá menntun í störfum sínum fram á árið 2014 [...]. Aðalkrafa stefnanda er þannig byggð á því að miða beri við meðaltekjur þeirra sem stunduðu lögfræðistörf árið 2017, þ.e. í fullu starfi og allt árið, samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar. Viðmiðunarlaun til útreiknings bóta vegna varanlegrar örorku stefnanda að meðtöldu 8,5% mótframlagi vinnuveitanda í lífeyrissjóð og uppreiknuð miðað við vísitölu nemi 11.375.536 krónum. Krafan nemi samtals 11.611.009 krónum að teknu tilliti til margfeldisstuðuls 6. gr. laga nr. 50/1993 og 10% varanlegs örorkustigs stefnanda ($11.375.536 \times 10,207 \times 10\%$).

Stefnandi telur ofangreint launaviðmið vera réttasta mælikvarðann á líklegar framtíðartekjur hennar, með hliðsjón af menntun hennar, aðstæðum og fyrri störfum. Þá sé þetta nærtækasta og sanngjarnasta viðmiðið og falli best að markmiðum og tilgangi skaðabótalaga.

Stefnandi vísar enn fremur til þess að í forsendum fyrirbyggjandi matsgerðar sé sérstaklega tekið fram varðandi mat á varanlegri örorku: „Hún hefur ágæta menntun og ætti að öllu jöfnu að geta unnið margvísleg skrifstofustörf, þar með talið lögfræðistörf. Getu hennar til slíkra starfa telst að einhverju leyti skert og líklega öllu meira til líkamlegra erfiðari starfa svo sem [...]. Matsmenn telja því rétt að meta henni varanlega örorku [...].“ Matsmenn leggi því til grundvallar við mat á varanlegri örorku að getu stefnanda til lögfræðistarfa sé að einhverju leyti skert vegna slysanna. Stefnandi bendir á að stefndi hafi lagt matsgerðina til grundvallar bótauppgjöri í málinu.

Varakrafa stefnanda er byggð á því að miða beri við laun hennar á árinu 2014 er hún starfaði síðast sem lögfræðingur [...], uppreiknaðar eins og hún hefði verið í starfi alla mánuði ársins. Viðmiðunarlaun til útreiknings bóta vegna varanlegrar örorku stefnanda að meðtöldu mótframlagi vinnuveitanda í lífeyrissjóð sem hafi verið 11,5% umsamið lífeyrisframlag [...] og uppreiknuð miðað við vísitölu nemi 9.114.720 krónum. Krafan nemi samtals 9.303.394 krónum að teknu tilliti til margfeldisstuðuls 6. gr. laga nr. 50/1993 og 10% varanlegs örorkustigs stefnanda ($9.114.720 \times 10,207 \times 10\%$).

Þessu viðmiði til stuðnings sé vísað til umfjöllunar um aðstæður stefnanda á viðmiðunartímabilinu og slysdegi sem og um menntun hennar. Auk þess sé vísað til áður nefndrar umfjöllunar í fyrirbyggjandi matsgerð. Stefnandi telji það í fullu samræmi

við dómaframkvæmd Hæstaréttar að miða við tekjur hennar árið 2014 verði ekki fallist á aðalkröfu hennar. Í dómaframkvæmd um 2. mgr. 7. gr. sé mjög gjarnan leitast við að miða að einhverju leyti við raunverulegar tekjur sem tjónþoli hafi sýnt fram á að geta aflað fyrir slys, þótt ekki sé hægt að leggja til grundvallar tekjur öll viðmiðunarárin þrjú samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993. Þá byggji stefnandi á því að eðlilegast sé að uppreikna tekjur hennar eins og hún hafi verið í starfi alla mánuði ársins.

Aðal- og varakrafa stefnanda miðast við að hún beri 4,5% ársvexti samkvæmt 16. gr. laga nr. 50/1993, frá stöðugleikapunkti samkvæmt matsgerð 15. maí 2017 til 5. júní 2020, þegar mánuður hafi verið liðinn frá því að stefndi hafi verið krafinn um greiðslu bóta með kröfubréfi 5. maí 2020. Frá þeim degi er krafist dráttarvaxta til greiðsludags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001.

Í stefnu er gerð nánari grein fyrir útreikningi krafna stefnanda.

III

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi bendir á að meginreglu íslensks skaðabótaréttar um framtíðartekjur tjónþola sé að finna í 1. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993. Samkvæmt henni skuli árslaun til ákvörðunar bóta samkvæmt 6. gr. laganna vera meðalatvinnutekjur tjónþola, að meðtöldu framlagi vinnuveitanda til lífeyrissjóðs, þrjú síðustu almanaksárin fyrir þann dag er tjón varð, leiðrétt samkvæmt launavísitölu til þess tíma sem upphaf varanlegrar örorku miðast við. Í 3. mgr. 7. gr. laganna komi þó fram að þrátt fyrir þetta skuli aldrei miða við lægri fjárhæðir en settar séu fram í töflu í greininni.

Krafa stefnanda byggist á undantekningarreglu 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 en heimildinni skuli aðeins beita þegar ljóst sé að lagaskilyrði séu fyrir hendi. Annars vegar þurfi óvenjulegar aðstæður að leiða til þess að ekki fái rétt mynd af líklegum framtíðartekjum tjónþola við beitingu 1. mgr. 7. gr. laganna. Hins vegar verði að vera til annað og betra viðmið sem gefi réttari mynd af líklegum framtíðartekjum tjónþola. Sönnunarbyrði fyrir því að beita beri undantekningarreglu 2. mgr. 7. gr. hvíli á stefnanda og skuli skýra ákvæðið þröngt. Stefndi hafi aldrei fallist á að beita bæri ákvæðinu og telji hann ekki uppfyllt skilyrði til þess.

Byggt er á því að rétt hafi verið að miða við lágmarkslaun samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993, sbr. 1. mgr. greinarinnar, og að tjón stefnanda vegna umferðarslyssins [...] 2017 hafi að fullu verið bætt með uppgjöri í janúar 2021.

Stefnandi hafi verið [...] á slysdegi. Hún hafi lokið meistaranámi í lögfræði árið 2010. Á þeim tíma sem slysið varð hafi stefnandi verið að kenna [...] tvisvar í viku en hún sé með réttindi sem [...]. Stefndi hafi ekki verið í launavinnu síðan árið 2014 en þá hafi hún verið að vinna hjá [...]. Stefndi hafði ekki verið á vinnumarkaði í um tvö

og hálf ár þegar hún lenti í umferðarslysinu [...]2017 eða nánast allt viðmiðunartímabilið samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993.

Á slysdegi hafi stefnandi ekki haft neinar launatekjur en fengið greiddar örorkubætur frá Tryggingastofnun. Samkvæmt vottorði um örorkumat lífeyristrygginga, hafi stefnandi uppfyllt læknisfræðileg skilyrði um hæsta örorkustig. Gildistími örorkumats hafi verið frá 1. júní 2015 til 30. september 2017. Endurmat hafi farið fram sem gildi til september nk.

Stefnandi sé ekki með neina tekjusögu til ársins 2010 en einhverjar tekjur ár hvert frá 2010 til og með 2014. Árið 2010 hafi launagreiðslur hennar verið 2.741.953 krónur, greiðslur frá Tryggingastofnun numið 322.234 krónum og þá hafi hún verið með 54.320 krónur í hreinar tekjur vegna eigin reksturs. Árið 2011 hafi launagreiðslur hennar verið 2.559.069 krónur, hún hafi fengið greiddar 783.755 krónur í atvinnuleysisbætur og verið með 147.551 krónu í hreinar tekjur vegna eigin reksturs. Árið 2012 hafi launagreiðslur hennar verið 5.746.445 krónur og þá hafi hún verið með 150.584 krónur í hreinar tekjur vegna eigin reksturs. Árið 2013 hafi launagreiðslur hennar verið 4.504.673 krónur, annars vegar 2.551.733 krónur frá [...] og 1.952.940 krónur frá [...]. Þá hafi hún fengið greiddar 464.583 krónur í atvinnuleysisbætur. Árið 2014 hafi launagreiðslur hennar verið 4.265.066 krónur, hún hafi fengið greiddar 720.342 krónur frá Tryggingastofnun og verið með 780.365 krónur í aðrar tekjur. Árið 2015 hafi stefnandi ekki verið með neinar launatekjur. Hún hafi fengið greiddar 129.945 krónur í reiknað endurgjald vegna eigin reksturs og fengið greiddar 4.142.824 krónur frá Tryggingastofnun. Árið 2016 hafi stefnandi ekki verið með neinar launatekjur. Hún hafi fengið greiddar 4.279.335 krónur í bætur frá Tryggingastofnun o.fl. Árið 2017 hafi stefnandi ekki verið með neinar launatekjur. Hún hafi fengið greiddar 4.549.406 krónur í bætur frá Tryggingastofnun o.fl. Árið 2018 hafi stefnandi ekki verið með neinar launatekjur. Hún hafi fengið greiddar 3.744.280 krónur í bætur frá Tryggingastofnun o.fl. Árið 2019 hafi stefnandi ekki verið með neinar launatekjur. Hún hafi fengið greiddar 1.827.864 krónur í bætur frá Tryggingastofnun o.fl. Tekjur 2019 séu samkvæmt staðgreiðslu 30. júlí 2019. Árið 2020 hafi stefnandi ekki verið með neinar launatekjur. Hún hafi fengið greiddar 3.649.020 krónur frá Tryggingastofnun ríkisins o.fl. Tekjur 2020 séu samkvæmt staðgreiðslu 14. janúar 2021.

Mat á því hvort aðstæður séu óvenjulegar í skilningi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga sé einstaklingsbundið að mestu leyti. Aðstæður sem hafi varað í lengri tíma geti ekki talist óvenjulegar. Stefnandi hafði verið alveg frá vinnu í tvö og hálf ár á slysdegi [...]. Sú staða sé óbreytt fimm árum eftir slysið. Það gefi sterklega til kynna að aðstæður hafi ekki verið óvenjulegar hjá stefnanda þegar hún lenti í slysinu [...] 2017.

Að mati stefnda hafi verið fyrirséð árið 2015 að stefnandi væri ekki á leið út á vinnumarkað á næstu árum, hvað þá í fullt starf allt árið um kring. Fram komi í skýrslu

læknis vegna örorkumats að stefnandi hafi við lok [...] verið talin fjær vinnumarkaði en í byrjun. Hún hafi verið metin óvinnufær og í þörf fyrir [...]. Ljóst sé af gögnum málsins að stefnandi hafi að minnsta kosti ekki verið á leið út á vinnumarkaðinn í fullt starf. Þar sem stefnandi hafi verið á örorkubótum frá því árið 2015 og ekki unnið samhliða því verði ekki séð að fyrirséð hafi verið á slysdegi að hún myndi vera á vinnumarkaði samhliða greiðslu örorkubóta þrátt fyrir að lög nr. 100/2017 geri ráð fyrir að fólk geti haft atvinnutekjur umfram örorkubætur.

Stefndi bendir á að þrátt fyrir að stefnandi hafi lokið diplómanámi í [...] eftir slysið bendi það eitt og sér ekki til þess að hún hafi stefnt aftur út á vinnumarkaðinn. Þá fái sú staðhæfing stefnanda að hún hafi starfað sem [...] eftir slys ekki stoð í gögnum málsins og sé það því ósannað.

Þá komi fram í skýrslu læknis vegna umsóknar um örorkubætur að ekki sé eðlilegt að endurmeta ástand umsækjanda síðar, nema breyting verði á heilsufari. Af þeim gögnum sem lögð hafi verið fram í málinu verði ekki séð að neinar breytingar hafi orðið á heilsufari stefnanda sem hefðu getað leitt til aukinnar starfsgetu.

Stefndi hafni því að hægt sé að jafna stöðu stefnanda síðastliðin þrjú ár fyrir slysið við stöðu atvinnulausra. Horfa verði til þess að stefnandi hafi fengið starf hjá [...] á árinu 2013 en hún hafi hætt sjálf [...] og verið metin til örorku. Stefndi hafnar þeim sjónarmiðum stefnanda að hún hafi verið tímabundið utan vinnumarkaðar [...] þegar slysið hafi átt sér stað. Á slysdegi hafi ekki verið fyrirséð hvort og þá hvenær stefnandi hefði snúið aftur á vinnumarkað. Því sé ekki hægt að leggja stöðu hennar til jafns við stöðu atvinnulausra. Þá fái sú túlkun stefnanda að jafna eigi stöðu hennar við stöðu atvinnulausra ekki stoð í lögskýringargögnum með 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993, hvorki í frumvarpi sem hafi orðið að lögum nr. 50/1993 né frumvarpi því sem hafi orðið að lögum nr. 37/1999.

Ljóst sé af gögnum málsins að [...] hafi ekki skilað tilætluðum árangri. [...] því hafi verið ljóst að stefnandi væri að öllu óbreyttu ekki á leið út á vinnumarkaðinn. Ekkert hafi komið fram í málinu sem sanni að hún hefði fengið vinnu ef hún hefði ekki slasast. Þá bendir stefndi á að mat á örorku sé yfirleitt tímabundið og tímalengdin fari eftir aðstæðum hverju sinni. Það geti á hinn bóginn ekki verið til marks um að stefnandi sé að hefja störf á ný á vinnumarkaði enda liggi nú fyrir að gildandi örorkumat á slysdegi hafi verið framlengt til september nk.

Stefndi telur það enga þýðingu hafa við mat á því hvort skilyrði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 eru uppfyllt að matsgerðin hafi verið lögð til grundvallar bótauppgjöri í málinu. Ljóst sé að stefndi hafi ekki samþykkt það tekjuviðmið sem stefnandi lagði til grundvallar kröfu sinni enda hafi félagið gert bæturnar upp á grundvelli lágmarkslauna samkvæmt meginreglu 1. mgr., sbr. 3. mgr., 7. gr. laga nr. 50/1993.

Stefnandi byggir á því að það að hún hafi verið metin tímabundið með örorku hjá Tryggingastofnun útlöki ekki rétt hennar til bóta fyrir varanlega örorku. Stefndi áréttar að hann hafi nú þegar greitt stefnanda bætur vegna varanlegrar örorku. Eðlilegt og sanngjarnt sé að miða við lágmarkslaun þar sem tjónþoli eigi ekki að hagnast á tjónsatburði.

Stefndi hafnar því að þeir mælikvarðar sem aðal- og varakrafa stefnanda byggist á geti talist réttari á líklegar framtíðartekjur hans en lágmarksviðmiðunarlaun laga nr. 50/1993. Stefndi bendir á að löggjafinn hafi metið það svo að líklegast sé að tekjur árin fyrir slys gefi besta mynd af því hverjar séu líklegar tekjur eftir slys. Eigi það sérstaklega við þegar langt sé liðið á starfsævina. Það sé því ljóst að færa þurfi sterk rök fyrir því að annar mælikvarði sé réttari svo unnt sé að víkja frá meginreglu 1. mgr. 7. gr. í hennar tilviki.

Aðalkrafa stefnanda sé að miða beri árslaun stefnanda við meðaltekjur fyrir sérfræðistörf í lögfræði, sama ár og slysið átti sér stað, samkvæmt Hagstofu Íslands. Samkvæmt gögnum málsins hafi stefnandi aldrei haft laun sem svari til meðallauna sérfræðinga í lögfræði og hafnar stefndi því að þau séu réttari mælikvarði á líklegar framtíðartekjur stefnanda. Stefnandi hafi í raun aldrei verið nálægt því að vera með þær tekjur sem hún nú krefjist að miðað verði við þegar bætur fyrir varanlega örorku séu reiknaðar út. Afar ólíklegt sé að stefnandi, miðað við stöðu hennar á slysdegi og miðað við stöðu hennar eftir slysdag, muni afla þeirra árslauna að staðaldri sem hún geri kröfu um að miðað verði við. Sönnunarbyrði um slíkt hvíli á stefnanda og hafi hún ekki axlað hana.

Stefndi telji því ekki koma til greina að miða við meðaltekjur fyrir sérfræðistörf í lögfræði. Telur stefndi að varakrafa stefnanda varpi enn skýrara ljósi á að ef fallist yrði á aðalkröfu stefnanda væri hún að hagnast verulega á tjónsatburði, sem fari gegn markmiðum skaðabótalaga.

Varakrafa stefnanda sé að miða beri árslaun stefnanda við þær tekjur sem hún hafi haft á árinu 2014, þegar hún hafi síðast starfað sem lögfræðingur [...], uppreiknaðar eins og hún hafi verið í starfi alla mánuði ársins. Stefndi hafnar því að uppreiknuð laun stefnanda árið 2014 séu réttari mælikvarði á líklegar framtíðartekjur hennar. Eins og staða stefnanda hafi verið á slysdegi var afar ólíklegt að hún myndi afla þeirra árslauna að staðaldri sem hún krefjist í varakröfu sinni. Styðji gögn málsins ekki þá kröfu stefnanda. Það sé í raun allsendis óvíst að stefnandi muni nokkurn tímann snúa aftur út á vinnumarkaðinn miðað við gögn málsins, stöðu hennar á slysdegi og stöðu hennar fimm árum síðar.

Stefndi bendir á að stefnandi hafi aldrei fyrir slys aflað þeirra tekna sem varakrafa hennar byggir á. Hæstu tekjur sem stefnandi hafi aflað árin fyrir slys samkvæmt gögnum málsins hafi verið árið 2012 en þá hafi hún fengið greiddar 5.746.445 krónur í árslaun er

hún starfaði sem lögfræðingur, annars vegar í tímabundnu starfi [...] og hins vegar í tímabundnu starfi [...]. Stefnandi hafi ekki starfað sem lögfræðingur í lengri tíma en ár á hverjum stað. Stefnandi hafi ekki sannað að líkur hafi verið á að hún hefði verið í fullu starfi og/eða hlutastarfi samhliða örorubótum alla mánuði ársins frá slysdagi til 67 ára aldurs ef ekki hefði verið fyrir slysið.

Með vísan til alls framangreinds telur stefndi að hvorugt skilyrði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 sé uppfyllt í máli stefnanda.

IV

Niðurstaða

Stefnandi lenti í umferðarslysi [...] 2017 og er ekki deilt um bótaskyldu stefnda eða afleiðingar slyssins. Ágreiningur aðila lýtur að því hvort miða beri bætur vegna varanlegrar öroruku við meðalatvinnutekjur hennar síðustu þrjú almanaksár fyrir slysdag, að meðtöldu framlagi vinnuveitanda til lífeyrissjóðs leiðrétt samkvæmt launavísitölu, sbr. meginreglu 1. mgr., sbr. 3. mgr., 7. gr. laga nr. 50/1993, eða hvort uppfyllt séu skilyrði til þess að beita undantekningarreglu 2. mgr. ákvæðisins og ákveða árslaun sérstaklega. Í 3. mgr. ákvæðisins kemur fram sú regla að þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skuli ekki miða við lægri árslaun en þau sem sett eru fram í nánar tilgreindri töflu í ákvæðinu.

Í tilviki stefnanda leiðir beiting viðmiðs 1. mgr. 7. gr., um árslaun þrjú síðustu almanaksárin fyrir slysið, til niðurstöðu undir lágmarksviðmiði 3. mgr. ákvæðisins og miðaðist bótagreiðsla stefnda til stefnanda við það, eins og sjá má af yfirliti vegna bótauppgjör 19. janúar 2021 þar sem miðað er við 3.241.743 krónur í árslaun. Byggir stefndi á því í málinu að tjón stefnanda sé að fullu bætt.

Stefnandi byggir á því að beita beri 2. mgr. 7. gr. þar sem aðstæður hennar teljist óvenjulegar á viðmiðunartímabilinu og að ljóst sé að annar mælikvarði teljist réttari við mat á framtíðartekjum hennar. Stefnandi ber sönnunarbyrði fyrir því að skilyrðum fyrir beitingu ákvæðisins sé fullnægt, sbr. meðal annars dóm Hæstaréttar í máli nr. 583/2012 og í máli nr. 71/2017 og dóm Landsréttar í máli nr. 398/2020. Stefnandi þarf þannig að sýna fram á að óvenjulegar aðstæður hafi verið fyrir hendi á viðmiðunartímabilinu sem leiði til þess að árslaun hennar þann tíma séu ekki réttur mælikvarði á líklegar framtíðartekjur hennar og að annar mælikvarði en lágmarkslaunaviðmið 3. mgr. 7. gr. sé fyrir hendi sem sé réttari.

Í athugasemdum við 6. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 37/1999, sem breyttu 7. gr. laga nr. 50/1993, kemur meðal annars fram að viðmiðun við síðustu þrjú tekjuár sé að jafnaði eðlileg þegar um er að ræða einstakling í launuðu starfi og að launatekjur liðinna ára séu oftast góð vísbending um launatekjur komandi ára. Launatekjur liðinna ára séu á hinn bóginn ekki góður mælikvarði ef breytingar hafa orðið

á högum tjónþola skömmu áður en slys varð eða þegar fullyrða má að slíkar breytingar standi fyrir dyrum. Sem dæmi er nefnt að tjónþoli hafi skipt um starf þannig að breyting hafi orðið á tekjum. Tekið er fram að í slíku tilviki sé eðlilegra að ákveða viðmiðunarlaunin miðað við nýjar aðstæður. Þá er að finna ummæli í lögskýringargögnum um að 2. mgr. 7. gr. verði beitt þegar viðmiðun síðustu þrjú ár fyrir slys þyki „af einhverjum ástæðum ekki réttmæt.“ Þrátt fyrir að ákvæðið feli í sér undantekningarreglu gefa þessi ummæli og dómaframkvæmd ekki tilefni til þess að skýra orðin „óvenjulegar aðstæður“ þröngt og þau verða því talin geta tekið almennt til þess þegar breytingar hafa orðið á högum tjónþola skömmu fyrir tjónsatburð eða að fyrirsjáanlegt hafi verið að slíkt stæði fyrir dyrum. Meðal tilvika sem réttlæta beitingu heimildarinnar er ólaunað leyfi tjónþola hluta af viðmiðunartímabilinu, endurmenntun eða undirbúningur fyrir annað starf, nám, tímabundið atvinnuleysi, veikindi o.fl.

Stefnandi var [...] á slysdegi. Hún lauk BA-prófi í lögfræði árið 2005 og meistaraprófi í sömu grein árið 2010. Áður hafði hún lagt stund á þverfaglegt nám á sviði mannréttinda [...] á árunum 2006–2007. Þá er hún með réttindi til [...]. Hún var í diplómanámi í [...] á árunum 2016–2017. Stefnandi starfaði sem lögfræðingur á árunum 2010 til 2014 í tímabundnum stöðum. Stefnandi greindi svo frá fyrir dóminum að á árinu 2014 hefði [...]. [...] Samkvæmt gögnum málsins var stefnandi metin óvinnufær [...] Hún var metin til hæsta örorkustigs hjá Tryggingastofnun ríkisins frá 1. júní 2015 til 30. september 2017. Það mat var framlengt og er gildistími núgildandi örorkumats frá 1. október 2017 til 30. september nk. [...] Á slysdegi [...] 2017 hafði stefnandi verið utan vinnumarkaðar í um tvö og hálf ár [...]. Hún greindi sjálf svo frá fyrir dóminum að er slysið varð hefði hún verið að [...] búa sig undir að fara aftur út á vinnumarkaðinn og liður í því hefði m.a. verið að ljúka tveggja missera námi [...] sem hún hefði gert í júní 2017. Markmiðið hefði ávallt verið að fara aftur að vinna sem lögfræðingur.

Dómurinn telur að við aðstæður sem þessar verði að ætla tjónþolum eitthvert svigrúm [...]. Er þannig ekki hægt að slá því föstu að staða stefnanda á slysdegi hafi verið sú að fyrirsjáanlegt væri þá að hún færi ekki aftur út á vinnumarkaðinn [...]. Á það ekki að hafa úrslitaáhrif hér þótt stefnandi hafi áður [...] enda náði hún [...] að ljúka krefjandi námi og starfa í sínu fagi eftir útskrift í nokkur ár þótt ekki hafi verið um fullt starf að ræða eða starf alla mánuði ársins. Má þannig fallast á að sú staðreynd að stefnandi var metin til hæsta örorkustigs hjá Tryggingastofnun ríkisins árin 2015–2017, og gat því ekki stundað vinnu af þeim sökum, bendi til þess að aðstæður hafi verið óvenjulegar. Það getur þó ekki verið til marks um að ljóst hafi verið á þeim degi að stefnandi færi ekki aftur út á vinnumarkaðinn þótt vera kunnir að óvíst hafi verið á þeim tíma hvaða störf kynnu að henta henni og hvaða árslauna hún kynni að geta aflað. Þó er rétt að hafa í huga að stefnandi naut einnig örorkugreiðslna fyrir þennan tíma, eða árin 2010, 2013 og 2014.

Þótt fallast megi þannig á það að aðstæður stefnanda á viðmiðunartímabilinu hafi að þessu leyti verið óvenjulegar, sem leiðir til þess að árslaun hennar þau ár gefi hugsanlega ekki rétta mynd af framtíðartekjum hennar, þarf jafnframt að liggja fyrir að annað og hærra árslaunaviðmið en það sem beitt var við uppgjör teljist réttari mælikvarði á framtíðartekjur hennar. Ekki er þó nóg að sýna fram á að annar mælikvarði sé réttari en lágmarksviðmiðið heldur verður mælikvarðinn að vera í samræmi við líklegar framtíðartekjur stefnanda.

Þegar þetta er metið telur dómurinn óhjákvæmilegt að líta í heild til atvinnuþátttöku og tekjusögu stefnanda. Ekki eru gögn um tekjusögu hennar fyrir árið 2010 er hún lauk námi í lögfræði. Stefnandi hafði tekjur ár hvert frá 2010 til og með 2014 en hún var ekki í starfi alla mánuði ársins og einhvern hluta tímabilsins ekki í fullu starfshlutfalli. Stefnandi naut örorkugreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins er slysið átti sér stað í [...] 2017 og hafði gert það frá miðju ári 2015. Hún nýtur þeirra greiðslna enn og hefur engar launatekjur haft eftir slysið.

Stefnandi byggir aðalkröfu sína á því að réttari mælikvarði á framtíðartekjur hennar sé meðaltekjur lögfræðinga árið 2017 enda hafi hún menntað sig sem lögfræðingur, lokið því námi árið 2010 og starfað sem slíkur frá þeim tíma og til 2014. Séu þær tekjur því réttasti og sanngjarnasti mælikvarðinn og í samræmi við markmið skaðabótalaga og dómafordæmi þar sem langoftast sé miðað við meðaltekjur í þeirri starfsgrein sem tjónþoli hefur lengst stundað vinnu í eða lokið námi í. Varakrafa stefnanda miðast við tekjur hennar árið 2014, þegar hún starfaði síðast sem lögfræðingur, uppreiknaðar eins og hún hefði verið í fullu starfi alla mánuði ársins. Telur stefnandi það vera í samræmi við dómaframkvæmd að miða við tekjur hennar þann hluta viðmiðunartímabils 1. mgr. 7. gr. sem hún var í vinnu þar sem í dómum um 2. mgr. sé oft leitast við að miða við raunverulegar tekjur tjónþola hluta viðmiðunartímabilsins þó ekki sé hægt að sýna fram á þær öll viðmiðunarárin. Telur stefnandi að bæði þessi viðmið séu réttari mælikvarði á líklegar framtíðartekjur hennar en lágmarksviðmið 3. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993.

Fallast má að nokkru á það með stefnanda að þegar horft er út fyrir viðmiðunartímabil 1. mgr. 7. gr. kunni að vera að lágmarkslaunaviðmið 3. mgr., sem samkvæmt fullnaðaruppgjöri nam uppreiknað 3.241.743 krónum, sé ekki sanngjarn mælikvarði á framtíðartekjur hennar. Stefnandi hafði 5.746.445 krónur í launatekjur árið 2012, 4.504.673 krónur árið 2013 og 4.265.066 krónur árið 2014, en fyrir liggur að þessi ár var hún ekki í vinnu alla mánuði ársins, t.d. vann hún í níu mánuði árið 2013 og í átta mánuði árið 2014. Eru tekjur stefnanda þannig langt undir meðallaunum sérfræðinga í lögfræði sem aðalkrafa hennar miðast við og eins og hún er fram sett, þar sem miðað er við fullt starf alla mánuði ársins. Stefnandi þykir ekki hafa sýnt fram á að líklegt sé að hún hefði aflað þeirra árslauna sem aðalkrafa hennar byggist á þegar litið er til atvinnu-,

tekju- og heilsufarssögu hennar. Þá þykir óhjákvæmilegt í tilviki stefnanda að horfa til tímabilsins eftir slysið, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 70/2017 og 71/2017, en hún hefur engar launatekjur haft eftir það. Þá horfir dómurinn einnig til dóms Hæstaréttar í máli nr. 265/2004. Dómurinn telur því ekki efni til að fallast á aðalkröfu stefnanda.

Varakrafa stefnanda miðast við tekjur hennar í síðasta launaða starfi hennar sem lögfræðingur árið 2014. Hefur stefnandi vísað til þess að eðlilegt sé að horfa til tekna tjónþola á hluta þess tímabils sem 1. mgr. 7. gr. tekur til, þ.e. þess hluta umræddra þriggja ára þar sem aðstæður teljast ekki hafa verið óvenjulegar. Kröfugerð stefnanda hvað þetta varðar miðast við tekjur hennar uppreiknaðar miðað við fullt starf alla mánuði ársins. Þær forsendur eru ekki í samræmi við tekju- og atvinnusögu stefnanda, hvorki það ár né önnur, þar sem ljóst er að atvinnuþátttaka og tekjuöflun stefnanda hefur verið takmörkuð allt frá árinu 2010. Hér á því einnig við að stefnandi þykir ekki hafa sýnt fram á að aðstæður hennar bendi til þess að líklegt sé að hún hefði aflað þeirra árslauna sem varakrafa hennar byggist á. Er einnig óhjákvæmilegt hér að horfa til tímabilsins eftir slysið. Þá þykja aðstæður ekki vera sambærilegar og í dómi Hæstaréttar í máli nr. 482/2014.

Dómurinn telur því að þrátt fyrir að fallast megi á að óvenjulegar aðstæður hafi verið fyrir hendi hjá stefnanda viðmiðunarárin 2014–2016 og að annar mælikvarði en lágmarksviðmið 3. mgr. 7. gr. kunni að eiga við hafi stefnandi ekki sýnt fram á að framangreindir mælikvarðar sem kröfugerð hennar byggist á gefi réttari mynd af líklegum framtíðartekjum hennar. Er í báðum tilvikum tekið mið af því að stefnandi hefði verið í fullu starfi allt árið en tekju- og atvinnusaga gefur það því miður ekki til kynna. Eru atvik því ekki sambærileg og í máli Hæstaréttar 265/2011 eða máli Landsréttar nr. 125/2018.

Þau árslaunaviðmið sem kröfur stefnanda byggjast á eru ekki í samræmi við atvinnuþátttöku og tekjusögu stefnanda, hvorki fyrir né eftir slys, jafnvel þó horft sé fram hjá meginhluta viðmiðunartímabilsins. Fyrirliggjandi gögn um tekjur stefnanda fyrir og eftir slysið bera ekki með sér að ætla megi að stefnandi hefði framvegis notið hærri tekna en bótagreiðslur til hennar miðuðust við. Hefur stefnandi þannig ekki leitt líkur að því að hún muni afla slíkra tekna í framtíðinni. Verður hér að hafa í huga þá meginreglu skaðabótaréttar að sá sem verður fyrir bótaskyldu tjóni verði eins settur fjárhagslega og ef ekkert tjón hefði orðið og að markmiðið með bótum fyrir varanlega örorku er að bæta tjónþola það tap á vinnutekjum sem hann mun að líkindum verða fyrir í framtíðinni vegna afleiðinga líkamstjónsins.

Stefnandi hefur samkvæmt framansögðu því ekki fært sönnur á að þær viðmiðunartekjur sem hún gerir ráð fyrir í kröfum sínum geti talist líklegar framtíðartekjur hennar. [...]. Hefur dómurinn hvað þetta varðar til hliðsjónar dóma Hæstaréttar í málum nr. 265/2004 og 505/2005. Þegar horft er til matsgerðar þeirrar sem

fyrir liggur í málinu er ljóst að matsmenn telja ekki hægt að slá því föstu að stefnandi sé „varanlega slegin út af vinnumarkaði“ eins og það er þar orðað og að stefnandi ætti að öllu jöfnu að geta unnið margvísleg skrifstofustörf, þar með talin lögfræðistörf. Tekur dómurinn undir þetta. Kröfugerð stefnanda er þó ekki miðuð við þetta. Dóminum er ekki fært að beita sjálfstæðum viðmiðum um líklegar framtíðartekjur stefnanda án tengsla við kröfugerð stefnanda. Þar sem hvorki er unnt að fallast á aðal- né varakröfu stefnanda er dóminum ekki annað fært en að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Að mati dómsins renna upplýsingar um atvinnuþátttöku stefnanda fyrir og eftir slysið og launatekjur, að því marki sem þær liggja fyrir, ekki stoðum undir að þau viðmið sem kröfugerð stefnanda miðast við séu réttari mælikvarði á framtíðartekjur hennar en lágmarksviðmið 3. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993. Að öllu virtu eru því ekki skilyrði til að beita undantekningarreglu 2. mgr. 7. gr. laganna. Stefnda var því rétt að miða uppgjör til stefnanda við 3. mgr. 7. gr. sömu laga.

Stefnanda hafa þegar verið greiddar skaðabætur vegna varanlegrar örorku þar sem notað var árslaunaviðmið samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laganna og hefur tjón hennar verið að fullu bætt. Verður stefndi því sýknaður af kröfu stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður milli aðila. Stefnandi nýtur gjafsóknar í málinu samkvæmt gjafsóknarleyfi 18. maí 2021, og er gjafsóknin takmörkuð við réttargjöld og þóknun lögmanns við rekstur málsins fyrir héraðsdómi. Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, eins og nánar greinir í dómsorði, en sú þóknun er í samræmi við dómvenju ákveðin án tillits til virðisaukaskatts.

Af hálfu stefnanda flutti málið Tinna Björk Gunnarsdóttir lögmaður en af hálfu stefnda Telma Sif Reynisdóttir lögmaður vegna Ólafs Lúthers Einarssonar lögmanns.

Hólmfríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómarinn tók við meðferð málsins 1. mars 2022.

Dómsorð:

Stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., er sýkn af kröfu stefnanda, A.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns stefnanda, Tinnu Bjarkar Gunnarsdóttur, sem þykir hæfilega ákveðin 950.000 krónur.

Hólmfríður Grímsdóttir